



**Grænfánafundur Árskógarskóla mánudaginn 2. okt 2017 haldinn á gæðastund þar sem allur skólinn kom saman.**

Á fundinum gerðu kennarar leik- og grunnskólastigs grein fyrir vinnu nemenda út frá þemanu um lýðheilsu:

**Lýðheilsa:** *Hvernig er heilsa okkar í skólanum? Hreyfum við okkur nóg? Hvað getum við gert til að hreyfa okkur meira í daglegu lífi? Borðum við hollan mat? Líður okkur vel í skólanum og daglega lífinu? Erum við góð hvert við annað? Erum við dugleg að vera úti í náttúrunni? Hvaða áhrif hefur lífstíll okkar á umhverfið?*

Á fundinum var farið yfir mat nemenda á þemanu en báðir hópar fylltu út gátlista um umhverfismat tengt lýðheilsu. Í ljós kom að flestir þættir eru í góðum farvegi en hins vegar nokkrir sem þarf að bæta og í framhaldi af fundinum voru ræddar leiðir til þess.

Þá var einnig rætt muninn á milli gátlista og rætt hvar við værum búin að standa okkur vel og hvar við þyrftum að lagfæra en frekar.

**Fundargerð ritaði Hjördís Jóna**